

**Sp.**

**701. Nefndarálit**

**[123. mál]**

um till. til þál. um lækun farmgjalda olíuskipsins Þyrils.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn vísa tillögunni frá með rökstuddri dagskrá, en ég tel, að Alþingi eigi að samþykkja hana.

Eins og kunnugt er, hefur flutningskostnaður á olíu frá Reykjavík út um land verið mjög hár og m. a. stuðlað mjög að hækkuðu olíuverði. Svo sem oft hefur verið upplýst, þá hefur árlegur hagnaður af rekstri skipsins að jafnaði numið um og yfir eina millj. kr. hin síðari ár. Þannig nam hagnaður af rekstri skipsins 940 þús. kr. árið 1949, 762 þús. kr. árið 1950 og 1110 þús. kr. árið 1951. Þannig hefur sameiginlegur gróði þessara ára numið nærri 3 millj. kr. Tel ég rangt að leggja slíkt álag á olíuverðið til þeirra aðila, sem við þá aðstöðu búa að þurfa að kosta langa flutninga.

Þá má enn fremur geta þess, að aðrir aðilar, sem annast olíuflutninga, miða sín farmgjöld við farmgjöld Þyrils, og verður því afleiðing þessa sú, að ríkið heldur raunverulega uppi farmgjöldum hjá þessum aðilum líka, í stað þess að hlutverk þess ætti fremur að vera það að halda flutningskostnaðinum og þar með verðinu niðri. Má í því tilfelli segja hið fornkvæða, að „heggur sá, er hlífa skyldi“, þegar hið opinbera gerist beinlínis til þess að halda uppi óþarflega háu verði á slíkri nauðsynjavöru sem ollan er bæði fyrir fjölda einstaklinga og framleiðslustarfsemi-  
na í landinu. Tel ég, að Alþingi geti ekki lengur látið slíkt afskiptalaust, og legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 31. jan. 1953.

Ásmundur Sigurðsson.